

Efnistaka í Höfðafjöru á Kötlutanga í Mýrdalshreppi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 7. nóvember 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun LavaConcept Iceland ehf. vegna efnistöku í Höfðafjöru á Kötlutanga í Mýrdalshreppi, samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna um matsáætlun LavaConcept Iceland til Mýrdalshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Fréttablaðinu 2. desember 2022. Hún lá frammi til kynningar á bæjarskrifstofu Mýrdalshrepps og var einnig aðgengileg á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is. Kynningartími matsáætlunar var frá 2. desember 2022 til 3. janúar 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Efnistaka í Höfðafjöru. Matsáætlun. Efla-LavaConcept Iceland ehf. 29. nóvember 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Mýrdalshreppi 15. febrúar 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 5. janúar 2023.
- Minjastofnun Íslands 4. janúar 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 4. janúar 2023.
- Hafrannsóknastofnun 9. janúar 2023.
- Vegagerðinni 5. janúar 2023.

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 5. janúar, 19. janúar og 16. febrúar 2023.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun LavaConcept Iceland eru kynnt áform um efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Kötlutanga sunnan Hjörleifshöfða og gerð grein fyrir hvernig LavaConcept Iceland hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

LavaConcept Iceland áformar sölu á sandi úr Höfðafjöru, sem nota á í sandblástur, til Þýskalands. Til stendur að vinna 50.000 tonn af sandi á ári næstu 15 árin eða alls 525.000 m³. Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um og lagt mat á áhrif þess að fjarlægja 850.000 m³, ef til kæmi viðbótareftirspurn eða vilji til að nota efnið í framkvæmdir á svæðinu. Í heildina er efnistökusvæðið



30 ha, en vinna á efnið á litlum hluta þess hverju sinni. Sandurinn verður fjarlægður úr fjöruborðinu syðst á Kötlutanga þar sem sjórinn fyllir fljótt upp í þær holur sem myndast við efnistöku, en sandurinn er á stöðugri hreyfingu meðfram ströndinni. Sandurinn er síðan skolaður og sigtaður á vinnslusvæði LavaConcept Iceland við Uxafótalæk í um 11 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu áður en hann er fluttur landleiðina á geymslusvæði í landi Hrauns í Ölfusi og síðan til Þorlákshafnar. Þaðan fer hann með skipi til meginlands Evrópu.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til tillögu LavaConcept Iceland.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Skipulag

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028. Í nýrri tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps fyrir 2021-2033 sé efnistökusvæðið skilgreint sem sand- og malarnáma E15 í flokki IV, sem þýði efnismagn meira en 500.000 m³ eða stærri en 25 ha.

Eins kemur fram í matsáætlun að ekkert deiliskipulag sé í gildi fyrir efnistökusvæðið en deiliskipulag sé í gildi fyrir nærliggjandi svæði við Uxafótarlæk þar sem framkvæmdaraðili hyggst hafa vinnslusvæði.

Í umsögn Mýrdalshrepps er mælt til þess að tekið sé mið af skilmálum í endurskoðuðu aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem hefur verið auglýst m.t.t. stærðar fyrirhugaðrar námu og vinnslutíma. Skv. matsáætluninni þverar akstursleið einkaland frá efnistökusvæði um Mýrdalssand að þjóðvegi. Liggja þurfi fyrir samkomulag við hlutaðeigandi landeigendur áður en akstursleiðin verði skilgreind með þessu móti.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að samið verði við viðkomandi landeiganda og samráð haft við Vegagerðina um útfærslu á beygju inn á og út af þjóðvegi 1.

Skipulagsstofnun áréttar að um námu E14 sunnan Hjörleifshöfða segir í tillögu að nýju aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033, sem hefur verið auglýst að náman sé 2,5 ha að stærð og að hámarki verði unnið 500.000 m³ úr henni, en ekki meira en 500.000 m³ eða stærri en 25 ha líkt og fram kemur í matsáætlun framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun tekur undir með Mýrdalshrepp og mælist til þess að í umhverfismatsskýrslu verði tekið mið að skilmálum í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033.

Skipulagsstofnun bendir á að vinnslusvæðið er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028; iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur, en nýtt deiliskipulag sem unnið var árið 2020 af vinnslusvæðinu við Fagradalsfjöru tók hins vegar aldrei gildi og þarf því aftur að fara í viðeigandi málsmeðferð til að öðlast gildi.

Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að skv. fyrrnefndri tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins þarf að vinna deiliskipulag fyrir námur sem eru stærri en 25.000 m² eða 50.000 m³.



Í matsáætlun er engin umfjöllun um skipulag geymslusvæðisins í landi Hrauns í Ölfusi og hvernig framkvæmdin samræmist því. Geymslusvæðið er hluti af þessari framkvæmd og fjalla þarf um skipulag geymslusvæðisins í umhverfismatsskýrslu.

Að lokum bendir Skipulagsstofnun á að mynd 3.6 „uppdráttur úr tillögu að nýju aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033“ í matsáætlun, er ekki í samræmi við auglýsta tillögu að nýju Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033. Í umhverfismatsskýrslu skal notast við myndir úr auglýstu nýju aðalskipulagi.

- Skipulagsstofnun kallar eftir því að unnið verði deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið sem og vinnslusvæðið.
- Fjalla þarf um skipulag geymslusvæðisins í landi Hrauns í Ölfusi í umhverfismatsskýrslu og sýna það á korti.
- Í umhverfismatsskýrslu skal notast við myndir og texta úr auglýstu nýju aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 og tekið mið af skilmálum sem þar eru sett.

Umferð og efnisflutningar

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að flytja þurfi efnið landleiðina að geymslustað utan við Þorlákshöfn um 160 km leið eftir þjóðvegi 1 og í gegnum nokkra þéttbýliskjarna. Þá daga sem flutningar standi yfir sé um að ræða 6 ferðir á dag. Lagt verði mat á áhrif þessara flutninga í umhverfismatsskýrslu og stuðst við fyrirbyggjandi upplýsingar og rannsóknir ásamt umferðartölum frá Vegagerðinni.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að miðað við áætlaða efnisflutninga í matsáætlun sé ekki tekið tillit til þess að bílarnir þurfi að keyra tómir til baka og að flutningar gæti þurft að fara fram á öðrum tíma sólahringsins en á dagvinnutíma. Þá sé heldur ekki gert ráð fyrir að meta sérstaklega áhrif aksturs flutningabíla frá efnistökusvæðinu í Höfðafjöru að vinnslusvæði við Uxafótarlæk né aksturs flutningabíla frá geymslusvæði í landi Hrauns í Ölfusi að útskipunarstöð í Þorlákshöfn, en miðað við það sem komi fram í matsáætluninni megi gera ráð fyrir mun fleiri ferðum á dag þær stuttu leiðir, en þegar verið sé að keyra efnið frá vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk að geymslusvæðinu við Hraun. Að mati Heilbrigðiseftirlitsins þurfi að gefa sérstaklega gaum samlegðaráhrifum vegna annarra efnisflutninga á Þorlákshafnarvegi á leiðinni frá Hrauni að útskipunarstað í Þorlákshöfn.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að það verði umfjöllun í umhverfismatsskýrslu um áætlaða flutningaumferð til Þorlákshafnar þegar uppskipun eigi sér stað.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirlitinu og bendir á að gera þurfi betur grein fyrir akstri flutningabíla í umhverfismatsskýrslu. Taka þurfi inn í umfjöllunina útreikninga fyrir þær ferðir sem bílar aki um tómir til baka á vinnslu- og/eða geymslusvæði, ásamt þeim flutningum sem eiga sér stað á milli vinnslu- og geymslusvæðis. Einnig þarf framkvæmdaraðili að gera grein fyrir öðrum fyrirhuguðum áformum um efnistöku, m.a. á Mýrdalssandi og efnisflutningum til Þorlákshafnar og meta samlegðaráhrif flutninganna.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera nánar grein fyrir tíðni og akstri flutningabíla tengdum framkvæmdunum sem og samlegðaráhrif með öðrum þungaflutningum á flutningsleiðinni.

Geymslu- og vinnslusvæði

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að vinnslusvæði verði við Uxafótarlæk þar sem 2-3 starfsmenn verði á svæðinu þegar efnistaka fari fram og hafi þeir aðstöðu þar. Engin mannvirki verði í Höfðafjöru og efnið verði að mestum hluta eða alfarið flutt jafnóðum að vinnslusvæðinu. Á vinnslusvæðinu verði efni gróþjappað, sigtað og skolað og síðan flutt landleiðina til Þorlákshafnar



með vörubílum. Efninu verði keyrt í gamla niðurgrafna grjótnámu í landi Hrauns um 5 km utan við Þorlákshöfn þar sem það verði geymt fram að útskipun.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að í matsáætlun sé ekki gert ráð fyrir umfjöllun um vinnslusvæði efnisins við Uxafótarlæk né heldur umfjöllun um geymslusvæðið í landi Hrauns í Ölfusi, en að mati Heilbrigðiseftirlitsins sé nauðsynlegt að fjalla um svæðin í umhverfismati framkvæmdarinnar þar sem þau séu mikilvægur hluti hennar, þ.m.t. val á staðsetningu, magn efnis til vinnslu á hverjum tíma, magn haugsetts efnis sem bíði flutnings til geymslusvæðis/útskipunarhafnar á hverjum tíma, ráðstafanir til að lágmarka hættu á foki úr efnishaugum, áhrif á hljóðvist og loftgæði í nágrenni vinnslusvæðisins o.fl.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að efni verði flutt svo til jafnóðum á geymslusvæðið í Ölfusi enda ekki mikið geymslupláss á svæðinu við Uxafótarlæk. Í skipulagi svæðisins séu jafnframt ýmis ákvæði um starfsemina, t.d. að skerma svæðið af til að hefta fok o.s.frv. Það verði fjallað um þetta í umhverfismatsskýrslu.

Einnig kemur fram í svar framkvæmdaraðila að gryfja á geymslusvæði sé 8 m djúp og í 750 m fjarlægð frá Eyrarbakka vegi og 1,3 km séu í næsta húsnæði. Loftgæði og hljóðvist ættu þar af leiðandi ekki að vera til vandræða, sérstaklega þegar litið sé til þess að skotæfingasvæði sé í næsta nágrenni með tilheyrandi skothvillum. Gerð verður grein fyrir þessu í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirlitinu og bendir á að fjalla þurfi nánar um vinnslusvæðið við Uxafótarlæk í umhverfismatsskýrslu sem og geymslusvæðið í landi Hrauns í Ölfusi, og þau skilyrði sem eru sett í skipulagsáætlunum svæðanna. Þessi svæði eru hluti af framkvæmdinni og fjalla þarf um þau líkt og efnistökusvæðið í umhverfismatsskýrslu. Gera þarf grein fyrir magni þess efnis sem er til vinnslu á hverjum tíma og magni haugsetts efnis sem bíði flutnings til geymslusvæðis/útskipunarhafnar á hverjum tíma o.s.frv.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla nánar um vinnslusvæði LavaConcept Iceland við Uxafótarlæk sem og geymslusvæði framkvæmdaraðila í landi Hrauns í Ölfusi.

Rof

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að frá því að Kötlutangi myndaðist árið 1928 hafi hann stöðugt verið að ganga til baka vegna ágangs sjávar. Efnistaka úr fjörunni geti flýtt fyrir því náttúrulega ferli. Meta eigi áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á landrof á Kötlutanga. Í matsáætluninni er talið að áhrif efnistökkunnar séu hverfandi og að holurnar í ströndinni fyllist fljótlega á ný. Vöktun á fjörunni frá Vík og austur að Hjörleifshöfða hafi farið fram frá árinu 2021, til að fylgjast með landrofi. Gera eigi grein fyrir þeim rannsóknum í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að strandrof sé nú þegar vandamál við Vík því fjöruborðið sé sífellt að færast norðar, nær Þjóðveginum og þorpinu. Sýna þurfi fram á hvort og hvernig strandrof verði vegna framkvæmdarinnar og mikilvægt sé að meta umfang þess þegar verið er að nýta efni úr fjörum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að það verði umfjöllun um landrof í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili viðhafi góða vöktun til að fylgjast með breytingu á strandsvæðinu með tilliti til rofs líkt og verið hefur. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á landrofi eins og þeim er lýst í matsáætlun LavaConcept Iceland og svörum við umsögn Hafrannsóknastofnunar.



Lífríki

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að grafa eigi sand úr fjöruborðinu en ekki uppi á sandinum. Efnistakan verði í sjávarmálinu í Höfðafjöru syðst á Kötlutanga. Ekki verði unnið á öllu efnistökusvæðinu í einu heldur verði efni tekið þar sem kornastærð sé heppilegust hverju sinni. Mikil hreyfing sé á sandinum og í sömu fjöru geti verið töluverður breytileiki í kornastærð.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að það sé skilgreint hversu langt út í sjó verði grafið eftir efni ef það sé ætlunin. Þekkt sé að loðna hrygni grunnt við fjöruborðið í sandfjörum á Suðurlandi og að búsvæði fiska eins og sandsílis og uppeldissvæði flatfiska séu í fjörum sem þessari. Sé ætlunin að taka efni úr sjó þurfi að kanna möguleg áhrif af framkvæmdinni á hrygningu og afkomu þessara fiska.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að vinnuvélarnar muni aldrei fara út í sjó heldur taka sand á því svæði sem að fari undir sjó á flóði en birtist svo aftur á fjöru. Ekki sé verið að dæla sandi af hafsbotni eins og t.d. í Landeyjarhöfn, heldur sé eingöngu verið að taka efni sem sé á þurru landi á fjöru. Engin áhrif verði á hrygningu loðnu, sandsílis eða flatfiska.

Ekki standi til að ráðast í lífríkisrannsóknir á fjörunni. Hún sé sandfjara sem sé stöðugt á hreyfingu, brim gangi yfir og lítið sem ekkert líf þrífist. Verndargildi sé lágt. Í umhverfismatsskýrslu verði staðháttum lýst og m.a. lífríki svæðisins.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á lífríki eins og þeim er lýst í matsáætlun LavaConcept Iceland og svörum við umsögn Hafrannsóknarstofnunar.

Fuglalíf

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé gróðurlaust og þar séu engin búsvæði fugla og reglulega gangi sjór yfir allt svæðið. Aðkomuvegurinn næst þjóðvegi 1 sé ræktaður með lúpínubreiðu og verði styrktur við framkvæmdirnar. Framkvæmdaraðili telji áhrif á fuglalíf óverulegt og telji ekki þörf á sérstakri umfjöllun um áhrif á fuglalíf í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að skoða þyrfti áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf meðfram veginum frá vinnslusvæðinu að hringveginum.

Skipulagsstofnun telur að fuglalíf kunni að finnast á fleiri stöðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði heldur en einungis á efnistökusvæðinu sjálfu. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir fuglalífi á vinnslusvæði LavaConcept Iceland við Uxafótarlæk sem og við geymslusvæði þeirra í landi Hrauns í Ölfusi. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að skoða þurfi sérstaklega hvort áhrif framkvæmdarinnar gæti á fuglalíf meðfram vegslóðum sem fara eigi um á framkvæmdatíma.

- Skipulagsstofnun telur að gera þurfi nánari grein fyrir fuglalífi á vinnslusvæði framkvæmdaraðila sem og við geymslusvæðið í Ölfusi, í umhverfismatsskýrslu. Skoða þarf sérstaklega áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf meðfram vegslóðum sem fara eigi um vegna framkvæmdarinnar.

Landslag og ásynd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur hvergi fram umfjöllun um landslag og ásynd af framkvæmdunum.

Skipulagsstofnun bendir á að í tengslum við umfjöllun og mat á áhrifum á útivist og ferðamennsku í umhverfismatsskýrslu er eðlilegt að fjallað verði um hvort landslag á sandinum muni breytast, hvort fólk í nágrenninu verði vart við framkvæmdarsvæðin, hvernig ásynd muni breytast frá þeim stöðum sem framkvæmdirnar kunni að sjást og hvaða mótvægisáðgerðir séu mögulegar til að draga



úr sjónrænum áhrifum. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvaða hlutar starfseminnar eru líklegastir til að hafa í för með sér sjónræn áhrif. Gera þurfi grein fyrir sýnileika og meta sjónræn áhrif efnistöku-, vinnslu- og geymslusvæðanna ásamt vegslóðum og aðkomuvegum.

- Í umhverfismatskýrslu þarf í tengslum við umfjöllun um útvist og ferðamennsku að fjalla á greinargóðan hátt um umhverfisþáttinn landslag og ásýnd.

Frágangur

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur hvergi fram umfjöllun um frágang svæðanna þegar framkvæmdum lýkur.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í umhverfismatskýrslu verði fjallað um hvernig unnt verði að skilja við svæðin þannig að ekki verði til lýta. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatskýrslu sé gerð skýrt grein fyrir því hvernig frágangi svæðanna verði háttað og ef komi til áframhaldandi efnistöku og vinnslu verði svæðin mótuð á þann hátt að sjónræn áhrif verði sem minnst.

- Í umhverfismatskýrslu skal gera grein fyrir hvernig frágangi framkvæmdasvæðanna verður háttað þegar framkvæmdum lýkur.

Reykjavík, 24. febrúar 2023.

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir